



Kortlagning höfuðborgarsvæðisins -
vatnafarskort. Staða 1. okt. 1991

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-91-05

**KORTLAGNING HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS - VATNAFARSKORT
STAÐA 1. OKT. 1991**

Vinna við vatnafarskort höfuðborgarsvæðisins hefur ekki gengið skv. áætlun. Í greinargerð FS-91/01, *Höfuðborgarsvæðið, jarðfræðikortlagning. Endurskoðuð áætlun, febrúar 1991*, er sagt að frágengin kortahandrita sé að vænta haustið 1991 (bls. 3). Frágengin handrit liggja ekki fyrir. Handrit af vatnafarskortinu 1613 III SV er þó í burðarliðnum. Það er á tveimur blöðum. Á öðru blaðinu eru það sem kalla má hrein vatnafarsleg gögn, vötn, lækir, lindir, grunnvatns-hæðarlínur, vatnaskil, jarðhiti, borholur og fleira. Þetta blað er þegar komið til teignara þótt frekari upplýsingar eigi eftir að bætast á það. Á hinu blaðinu er svæðaskipting, litþekja og jarðmyndanaskil o.fl. Litþekjan er að hluta til komin en mikið vantar enn á að jarðmyndanaskil liggi fyrir enda byggja þau á vinnu við berggrunnskort. Jarðgrunnsupplýsingarnar eru til reiðu en hafa enn ekki verið dregnar inn á vatnafarshandritið nema þar sem þær ráða lit kortsins. Þó skortir enn á gögn frá Fossvogi og af Álftanesi. Borholugögn eru á tölvuskram. Fyrsta uppkast að kortskýringum hefur verið samið en stefnt er að því að þær verði nánast eins á öllum blöðunum og kemur það til með að spara vinnu.

Blað 1613 III NV er lítt á veg komið. Borholuskrá er þó til og jarðhitakort, einnig ófullgert vinnukort af lausum jarðlögum á Kjalarnesi.

Samstarfsaðiðar hafa settið tvo starfsfundi en einnig hef ég hitt þá nokkrum sinnum hvern og einn til skrafs og ráðagerða.

Jón Jónsson og Dagur Jónsson hafa staðið góð skil á sínum verkhluta. Ég hef farið tvær ferðir með Jóni í mörkina og fengið kort og borholugögn frá Degi auk þess sem hann hefur komið á minn fund hingað á OS. Vinnuframlag þeirra feðga er 30-40 tímar.

Einar Gunnlaugsson hef ég hitt bæði hér á OS og á Hitaveitunni og átt við hann gagnlegar viðræður og fengið hjá honum borholugögn. Vinnuframlag hans hefur ekki verið í samræmi við fyrstu áætlanir enda hefur hann lýst því yfir að hann muni ekki senda vinnureikning.

Kristján Sæmundsson hefur aflað borholugagna frá Vatnsveitu Reykjavíkur en að öðru leyti hefur hann einkum fengist við kortlagningu sem heyrir undir berggrunnskortið. Vinnustundir hans við vatnafarskort munu fáar.

Ekki er gert ráð fyrir neinni útvinnu á 1613 III SV blaðinu fram að áramótum. Innvinna er háð því hvernig gengur að afla berggrunnsagna og hvernig teiknivinnu miðar. Farið verður á foldir NV-blaðsins nema því meira gæftaleysi verði.

Hætt er við að í árslok standi verkið í líkum sporum og í dag. Hann er orðinn vetrarlegur.

Taflan hér að aftan sýnir hugmyndir mínar um gang kortlagningarinnar á næstu missírum. Þarna er miðað við að snilldarlega sé haldið á spöðunum þannig að samningurinn um jarðfræðikortlagningu Höfuðborgarsvæðisins standist.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI, VERKÁÆTLUN

Kort	Útivistu lokið	Handrit	Próförk	Prentun
1613 III SV	haust 1991	jan. 1992	júní 1992	sept. 1992
1613 III NV	maí 1992	júní 1992	jan. 1993	mars 1993
1613 III SA	nóv. 1992	jan. 1993	júní 1993	sept. 1993
1613 III 1:50000	maí 1993	ág. 1993	mars 1994	júní 1994

Verkáætlun skv. endurskoðaðri áætlun jarðfræðikortlagningarinnar frá feb. 1991 (FS 91/01) með þeirri undantekningu að ekki er gert ráð fyrir kortlagningu Mosfellssveitar, 1613 III NA.